



LIVISTO

# MENBUTIL 100 mg/ml

stungulyf, lausn handa nautgripum, svínunum, hrossum, kindum og geitum  
Menbúton

## Fylgiseðill

### 1. Heiti og heimilisfang markaðsleyfishafa og þess framleiðanda sem ber ábyrgð á lokasamþykkt, ef annar

Markaðsleyfishafi og framleiðandi sem ber ábyrgð á lokasamþykkt  
aniMedica GmbH  
Im Südfeld 9  
48308 Senden-Bösensell  
Þýskaland

### 2. Heiti dýralyfs

Menbutil 100 mg/ml stungulyf, lausn handa nautgripum, svínunum, hrossum, kindum og geitum  
Menbúton

### 3. Virkt innihaldsefni og önnur innihaldsefni

1 ml stungulyf, lausn inniheldur:

Virkt innihaldsefni:	
Menbúton	100,0 mg
Hjálparefni:	
Klóróskresól	2,0 mg
Natriummetabísúlfít (E 223)	2,0 mg

Tær, örlítið gulleit lausn.

### 4. Ábendingar

Til að örva starfsemi lifrar og meltingarfæra vegna meltingarraskana og vanstarfsemi lifrar.

### 5. Frábendingar

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna.

Gefið ekki dýrum með hjartasjúkdóm eða á síðari stigum meðgöngu.

### 6. Aukaverkanir

Eftir gjöf í bláæð er hugsanlegt að dýrið sleri, táríst, skjálfi eða hafi skyndilega þvaglát eða hægðir.

Eftir gjöf í vöðva er hugsanlegt að viðbrögð komi fram á stungustað (bjúgur, blæðing, drep).

Örsjaldangetakomið frambráðaofnæmisviðbrögð og þau skal meðhöndla á einkennamiðaðan hátt.

Tíðni aukaverkana er skilgreind samkvæmt eftirfarandi:

**Mjög algengar:** aukaverkanir koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 dýrum sem fá meðferð)

**Algengar:** koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 100 dýrum sem fá meðferð

**Sjaldgæfar:** koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 1.000 dýrum sem fá meðferð

**Mjög sjaldgæfar:** koma fyrir hjá fleiri en 1 en færri en 10 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð

**Koma örsjaldan fyrir:** koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik

Gerði dýralækni viðvart ef vart verður einhverra aukaverkana, jafnvel aukaverkana sem ekki eru tilgreindar í fylgiseðlinum eða ef svo virðist sem lyfið hafi ekki tilætluð áhrif.

### 7. Dýrategundir

Nautgripir, svín, hross, kindur og geitur.

### 8. Skammtar fyrir hverja dýrategund, íkomuleiðir og aðferð við lyfjagjöf

**Kálfar (allt að 6 mánaða aldri), kindur, geitur og svín:** 10 mg af menbútoni á hvert kg líkamsþyngdar, annaðhvort gefið djúpt í vöðva eða hægt í bláæð, sem jafngildir 1 ml af stungulyfi, lausn á hver 10 kg líkamsþyngdar.

**Nautgripir:** 5-7,5 mg af menbútoni á hvert kg líkamsþyngdar með gjöf í bláæð, sem jafngildir 1 ml af stungulyfi, lausn á hver 15-20 kg líkamsþyngdar.

**Hross:** 2,5-5 mg af menbútoni á hvert kg líkamsþyngdar með hægri gjöf í bláæð, sem jafngildir 1 ml af stungulyfi, lausn á hver 20-40 kg líkamsþyngdar.

Endurnýja má gjöf lyfsins eftir 24 klst. ef á þarf að halda.

### 9. Leiðbeiningar um rétta lyfjagjöf

Gefa skal inndælingu hægt í bláæð (ekki í styttri tíma en 1 mínútu) til þess að koma í veg fyrir þær aukaverkanir sem lýst er í kaflanum „Aukaverkanir“.

Við inndælingu í vöðva er ekki mælt með að gefa meira en 20 ml á einn íkomustað.

Mælt er með að gefa hrossum aðeins lyfið með hægri gjöf í bláæð.

## 10. Biðtími fyrir afurðanýtingu

Kjöt og innmatur: Núll sólarhringar  
Mjólk: Núll sólarhringar

## 11. Geymsluskilyrði

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið við lægri hita en 25 °C.

Ekki skal nota dýrallyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni.

Geymsluþol eftir að umbúðir hafa verið rofnar: 28 dagar.

## 12. Sérstök varnaðarorð

Sérstök varnaðarorð fyrir hverja dýrategund  
Engin.

### Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum

Gefa skal inndælingu hægt í bláæð (ekki í styttri tíma en 1 mínútu) til þess að koma í veg fyrir þær aukaverkanir sem lýst er í kaflanum „Aukaverkanir“.

Við inndælingu í vöðva er ekki mælt með að gefa meira en 20 ml á einn íkomustað.

Mælt er með að gefa hrossum aðeins lyfið með hægri gjöf í bláæð.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið

Ekki skal borða, drekka eða reykja meðan lyfið er meðhöndlað.

Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýrallyfinu fyrir slysi skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýrallyfsins.

Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

### Meðganga:

Dýrallyfið má ekki nota á síðasta þriðjungu meðgöngu.

## Mjólkurgjöf:

Dýrallyfið má gefa dýrum við mjólkurgjöf.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir Engar.

Ofskömmtnun (einkenni, bráðameðferð, móteitur), ef við á

Fara þarf nákvæmlega eftir ráðleggingum um skammta vegna þess að öryggisþættir í tengslum við menbúton eru ekki þekktir. Nota skal hjarta- og æðalyf ef hjartaleiðslurof á sér stað.

### Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við lausnir sem innihalda:

- Kalsíum
- Prókaínpensilín
- Samsett B-vítamín

## 13. Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra lyfja eða úrgangs, ef við á

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Leitið ráða hjá dýralækni í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## 14. Dagsetning síðustu samþykktar fylgiseðilsins Nóvember 2018.

## 15. Aðrar upplýsingar

Fjölskammta 100 ml hettuglas úr gleri af gerð I með brómóbútýl-gúmmítappa og álhettu.

Askja með 1 x 100 ml eða 12 x 100 ml.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Product name (market): **Menbutil 100 mg/ml (IS)**

Packaging (dimensions): **LFL (148 x 210 mm - A)**

Production site: **Senden**

Font size (continuous Text): **9 Pt**

Item-/Version number: **LFLXXXXX-1902**

Edition: **01**

Date: **22.02.2019**



Black  
30 %, 100 %  
Logo, text